

Uppsetning tveggja vindtúrbína á Sauðaneshálsi í Langanesbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 20. janúar 2026 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá fyrirtækinu wpd Wind Iceland North um tilraunaverkefni sem felst í uppsetningu tveggja vindtúrbína á Sauðaneshálsi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Samgöngustofu, Umhverfis- og orkustofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Tilraunaverkefni á Sauðaneshálsi. Greinargerð vegna fyrirspurnar um matsskyldu. Wpd, janúar 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Langanesbyggð þann 2. mars 2026,
- Vopnafjarðarhreppi þann 5. mars 2026,
- Fiskistofu þann 5. febrúar 2026,
- Hafrannsóknastofnun þann 11. febrúar 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 3. mars 2026,
- Landsneti þann 18. febrúar 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann, 26. febrúar 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 23. febrúar 2026,
- Umhverfis- og orkustofnun þann 13. febrúar 2026,
- Veðurstofu Íslands þann 25. febrúar 2026
- Vegagerðinni þann 23. febrúar 2026.

Umsagnir bárust ekki frá Minjastofnun Íslands og Samgöngustofu.

Aðrar umsagnir sem bárust voru frá Degi Indriðasyni þann 2. febrúar 2026, ISAVIA þann 23. febrúar 2026, Landhelgisgæslu Íslands þann 18. febrúar 2026, Landvernd þann 23. febrúar 2026 og Steingrími J. Sigfússyni þann 1. febrúar 2026.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 9. apríl 2026.

3 Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan á málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Ákvörðun þessi er því gefin út af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka og samráð um matsskyldufyrirspurnina var í höndum Skipulagsstofnunar.

4 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að reisa 2 vindtúrbínur á Sauðaneshálsi, um 5 km austan við Þórshöfn (mynd 1). Lagðir eru fram tveir valkostir varðandi hönnun virkjunarinnar. Valkostur 1 felur í sér uppsetningu á tveimur 150 m háum vindtúrbínum með uppsett afl allt að 4,26 MW hvor en valkostur 2 felur í sér uppsetningu á tveimur 180 m háum vindtúrbínum með uppsett afl allt að 7 MW. Heildarafl fyrir valkost 2 verður takmarkað við 9,9 MW í stjórnstöð virkjunarinnar og með rofabúnaði. Ástæða þess að valkostur 2 er til skoðunar er til þess að auka afhendingaröryggi en með því að hafa uppsett afl hvorrar vindtúrbínu umfram 4,9 MW næst hámarksafl virkjunarinnar (9,9 MW) við lægri vindhraða en ella, og er framleiðslu beggja vindtúrbína stýrt svo framleiðsla sé ávallt háværkuð innan 9,9 MW.

Kennistærðir	Valkostur 1 (E138)	Valkostur 2 (N163)
Afl hvernar vindtúrbínu	4,26 MW	7,0 MW
Fjöldi túrbína	2 stk.	2 stk.
Heildarafl virkjunar	8,52 MW	Takmarkað við 9,9 MW
Orkuvinnslugeta	39,2 GWst/ári	45,3 GWst/ári
Þvermál á undirstöðum	25-30 m	25-30 m
Hæð vélarhúss	81 m	98 m
Þvermál blaða	138 m	163 m
Hæð með blöð í efstu stöðu	150 m	180 m

Tafla 1. Helstu kennistærðir valkosta (úr tilkynningu)

Svæði	Áætluð stærð	Valkostur 1 áætlað heildarsvæði	Valkostur 2 áætlað heildarsvæði
Undirstöður	Um 25-30 m að þvermáli	Um 1100 m ²	Um 1100 m ²
Vinnusvæði	Um 42 x 25 m	Um 2100 m ²	Um 2100 m ²
Önnur vinnusvæði*	Um 4050 m ² fyrir valkost 1 Um 4550 m ² fyrir valkost 2	Um 8100 m ²	Um 9100 m ²
Aðkomuvegur	Grunnur er a.m.k. 5 m að breidd** Slitlag er a.m.k. 4 m að breidd** Lengd er um 1000 m	Um 6000 m ²	Um 6000 m ²
Jarðstrengir	Vinnusvæði er um 10-15 m að breidd Lengd er um 1250 m***	Um 13000 m ²	Um 13000 m ²
Tengivirki****	Um 50 m ²	Um 50 m ²	Um 50 m ²

*Önnur vinnusvæði þurfa að vera hindrunarlausa og er hluti þeirra lagður með mól.

**Tölur miða við beinan vegkafla en breidd vega í beygjum er meiri. Breidd í beygjum ræðst af leiðbeiningum frá vindtúrbínu framleiðanda.

***Miðar við lagningu jarðstrengja að tengivirki innan framkvæmdasvæðisins. Einnig þyrfti að leggja nýjan jarðstreng frá tengivirki Rarik á Þórshöfn að tengivirki tilraunaverkefnisins, en sú framkvæmd væri á vegum Rarik.

****Gert er ráð fyrir að heildarsvæði tengivirkis sé um 50 m² sem gæti skipst niður á fleiri en eitt svæði.

Tafla 2 Landnotkun miðað við valkosti (úr tilkynningu).

Fram kemur að útbúin verði u.þ.b. 25-30 m steypd undirstaða sem turninn er boltaður við, en turninn er yfirleitt gerður úr stáli eða steypdur að hluta. Turnar þeirra vindtúrbína sem eru til skoðunar fyrir tilraunaverkefni á Sauðaneshálsi eru um 80-100 m háir og eru reistir með krönum. Vélarhús og blöð vindtúrbínunnar eru hífð á turninn með krana, en blöðin tengjast við vélarhúsið og snúa þar rafal sem framleiðir rafmagn. Blöð vindtúrbínu eru almennt gerð úr trefjagleri sem húðað er með sterku plastefni sem verndar blaðið fyrir veðrun og sandfoki. Við val á vindtúrbínunum verður horft sérstaklega til þess að vindtúrbínurnar henti íslensku veðurfari og aðstæðum og að afþingarbúnaður verði notaður til að lágmarka líkur á uppsöfnun á snjó og ís á vindtúrbínublöðum. Aðkomuvegur verður lagður frá Norðausturvegi að báðum vindtúrbínunum ásamt því að gerð verða vinnusvæði við hverja túrbínu.

Vindtúrbínurnar verða fluttar til landsins með sérútbúnu skipi og er líklegast að Þórshöfn verði fyrir valinu. Íhlutir verða síðan fluttir með sérútbúnum flutningsbílum frá höfninni að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði um 8 km leið. Einnig kemur til greina að íhlutum verði landað á Vopnafirði en þaðan eru um 60 km að framkvæmdasvæðinu. Gera má ráð fyrir 10 ferðum með íhluti hverrar vindtúrbínu, þ.e. 1-2 ferðir með vélarhús, 3-4 ferðir með turninn og ein ferð fyrir hvert vindtúrbínublað, eða þrjár ferðir alls. Gera þarf tímabundnar eða varanlegar breytingar á vegakerfinu, m.a. þarf að styrkja vegi og brýr og einnig er mögulegt að auka þurfi rými í beygjum á ákveðnum vegköflum fyrir flutning á blöðum vindtúrbína, en í þeim tilfellum eru svæði yfirleitt jöfnuð út eða malarplön lögð við hlið vega til að auka beygjurými. Einnig gæti þurft að fjarlægja skilti tímabundið. Allar slíkar breytingar yrðu gerðar í samráði við Samgöngustofu og Vegagerðina ef til þess kemur. Kostnaður vegna breytinga á vegakerfi fellur á framkvæmdaraðila.

Fram kemur að rafmagn verði flutt með jarðstrengjum frá vindtúrbínunum í tengivirki sem staðsett verður við tengipunkt virkjunarinnar, og þaðan er gert ráð fyrir jarðstreng að tengivirki Rarik á


þórshöfn. Áætlað er að rekstrartímabil vindorkuvirkjunar sé um 20-25 ár og að þeim tíma loknum verður rekstri annað hvort haldið áfram eða farið í niðurrif.

Í umögnum, m.a. Hafrannsóknastofnunar, hefur verið bent á að tilgangur og markmið þessa framkvæmdar eða tilraunar sé ekki skýr.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur verkefnisins sé að öðlast reynslu af og þekkingu á rekstri vindorkuvirkjana á Norðausturlandi sem og á Íslandi og mun fyrirhuguð framkvæmd um leið auka framboð á raforku í Langanesbyggð. Sú reynsla sem fæst af rekstri vindtúrbínanna tveggja mun síðan gagnast við ákvörðunartöku um hvort fýsilegt sé að fara í frekari uppbyggingu á svæðinu, sem og mögulega endurvirkjun tilraunaverkefnisins við lok líftíma þess.

5 Önnur virkjanaáform wpd

Nú er nýlokið matsáætlunarferli annarra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi á vegum wpd sem gerir ráð fyrir 74 vindmyllum með alls um 532,8 MW uppsettu afli á um 36,7 km² svæði, sjá mynd 1.



Mynd 1 Fyrirhuguð staðsetning tveggja vindtúrba á Sauðaneshálsi sem hér eru til skoðunar (afmörkuð með grænum lit). Á myndinni er einnig sýnd fyrirhuguð staðsetning vindorkuvers með 74 vindmyllum sem wpd áformar að reisa á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi (afmörkuð með bláum lit) (Úr tilkynningu).

6 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Landslag og ásýnd – Óbyggð víðerni

Fram kemur að við greiningu á ásýnd fyrirhugaðra vindtúrbína hafi verið unnin sýnileikakort sem sýni fræðilegan sýnileika vindtúrbína miðað við hæð vélarhúss og heildarhæð með blöð í efstu stöðu, og útbúnar sýnileikamyndir skv. leiðbeiningum NatureScot (áður Scottish Natural Heritage) um sýnileikagreiningar á vindorkuvirkjunum. Fram kemur að vindtúrbínurnar séu nokkuð sýnilegar á stóru svæði en þar sem staðsetning þeirra er uppi á heiði sjáist þær síður frá svæðum á láglandi. Miðað við fræðilegan sýnileika og sýnileikamyndir er vélarhús ekki sýnilegt innan Þórshafnar og aðeins hluti vindtúrbínublaða. Enginn sýnileiki ætti að vera frá þéttbýli í Bakkafirði, sama hvort miðað sé við valkost 1 eða 2. Meira sést í vindtúrbínur frá ákveðnum býlum á svæðinu eins og t.d. við Ytra Lón. Fram kemur að hindranalýsing muni hafa áhrif á sýnileika vindtúrbínanna, sérstaklega í myrkri og sé stefnt að því að nýta sjálfvirkan hindranaljósabúnað sem lýsi aðeins þegar loftfar sé í tiltekinni fjarlægð frá vindtúrbínunum. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og landslag séu nokkuð sambærileg á milli valkosta og að áhrifin verði nokkuð neikvæð.

Fram kemur að staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé á umskiptasvæði óbyggðra víðerna skv. flokkun Wildland Research Institute sem kortlagði óbyggð víðerni Íslands árið 2023. Skv. fræðilegum sýnileika eru vindtúrbínur beggja valkosta sýnilegar á umskiptasvæðum, hjúpsvæðum og kjarnasvæðum óbyggðra víðerna, en vindtúrbínur eru aðallega sýnilegar á kjarnasvæðunum sunnan við framkvæmdasvæðið. Vegna hæðar vindtúrbína og sýnileika þeirra innan hjúp- og kjarnasvæða eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á óbyggð víðerni talin nokkuð neikvæð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að um er að ræða að mestu óraskað heiðarlandslag með víðerniseinkennum og útsýni. Það sem er í dag óraskað heiðarlandslag með votlendi og fuglalífi verður raskað iðnaðarsvæði með umfangsmiklum mannvirkjum. Slíkt landslag telst viðkvæmt fyrir mjög háum og áberandi mannvirkjum, sem verða sýnileg um langan veg og breyta ásýnd svæðisins verulega. Þá er bent á að í gögnum framkvæmdaraðila komi ekki fram stærð flatarmáls óbyggðra víðerna. Að mati Náttúruverndarstofnunar er slík greining nauðsynleg til að unnt sé að meta raunverulega skerðingu víðernagilda svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vindtúrbínur valkosta 2 muni vera sýnilegar á um 270 km² af hjúpsvæðum óbyggðra víðerna, sem er 0,73% af slíkum svæðum á Íslandi.

Náttúrufræðistofnun bendir á að óbyggð víðerni séu umfangsmikil á Norðausturlandi og að ljóst sé að fyrirhuguð framkvæmd muni skerða þau. Um er að ræða að mestu óraskað heiðalandslag með víðerniseinkennum og útsýni. Ef af fyrirhuguðum framkvæmdum verður mun ásýnd svæðisins breytast verulega og því verða raskað. Óbyggð víðerni eru takmörkuð auðlind á landsvísu og fer þeim fækkandi, einkum á láglandi og strandsvæðum.

Náttúrufræðistofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður, fuglalíf, jarðminjar, ásýnd og landslag, vernduð svæði og óbyggð víðerni og meta þurfi út frá nánari gögnum hversu neikvæð þau áhrif verði. Raskið er töluvert mikið miðað við 9,9 MW vindorkuvirkjun sem er skilgreint sem tilraunaverkefni. Miðað við ofangreindar forsendur telur Náttúrufræðistofnun að fyrirhuguð framkvæmd ætti að vera háð umhverfismati.

Framkvæmdaraðili bendir á að stór hluti framkvæmdasvæðisins hafi þegar verið rannsakaður m.t.t. vistgerða og gróðurs vegna uppbyggingar á nýjum Norðausturveg yfir Brekkaheiði. Þá var fuglalíf á svæðinu einnig tekið út af Náttúrustofu Austurlands vegna uppbyggingar vegarins.

Landvernd bendir á að samtökin hafi nýlega skilað inn umsögn vegna stórra áforma á sama svæði og þar er farið yfir í stórum dráttum þau miklu neikvæðu áhrif sem vindorkutúrbínur muni hafi á þá órofa landslagsheild sem Langanes búi yfir og eigi sú umsögn einnig við hér. Tvær vindtúrbínur sem áætlanir eru um hafa allt yfir 40 km áskýndaráhrif og truflun þannig að fjöldi vindtúrbína sker ekki bara úr um afleiðingarnar þegar hver og ein þeirra er hærri en tveir samanlagðir Hallgrímskirkjuturnar. Áskýndaráhrif á íbúa og ferðamenn verða mjög mikil þar sem vindtúrbínur verða fast við stofnveg yfir Brekknaheiði og munu sjást á stóru svæði þegar keyrt er m.a. sunnan að heiðinni.

Fuglalíf - Vistgerðir og gróður - verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé ekki innan mikilvægra fuglasvæða en þau sé að finna í um 20-30 km fjarlægð. Árið 2020 fór fram fuglarannsókn á svæðinu vegna lagningar nýs Norðausturvegar yfir Brekknaheiði og fundust alls 25 fuglategundir og töldust 15 þeirra til forgangstegunda og voru alls 10 tegundir á válista. Brekknaheiðin er vinsælt rjúpnasvæði og sést hefur til fálka á svæðinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan framkvæmdum stendur sem og varanleg áhrif á rekstartíma. Þegar horft er til umfangs framkvæmda er ekki talið að áhrif verði veruleg á búsvæði fugla. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á áætlaðri áflugstíðni fugla á vindtúrbínur á Íslandi, en þó engin í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eða fyrir framkvæmd að svipaðri stærð. Ekki er vitað nákvæmlega hver gæti orðið fjöldi áfluga fugla vegna fyrirhugaðra vindmylla en miðað við niðurstöður fyrirbyggjandi rannsókna á áflugstíðni og stærð fyrirhugaðra framkvæmda í samanburði við þær virkjanir sem rannsóknirnar voru framkvæmdar fyrir, má áætla að áflugstíðni verði líklega talsvert lægri en áflugstíðni á Hróðnýjarstöðum og í Vaðölduveri. Miðað við fyrirbyggjandi gögn um fuglategundir á svæðinu, umfang fyrirhugaðra framkvæmda og mögulega áflugstíðni má telja að áhrif á fuglalíf verði óveruleg.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að algengasta vistgerðin innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé fjalldrapamóavist sem hefur miðlungs verndargildi, en þar á eftir brokflóavist sem hefur mjög hátt verndargildi en vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi eru á um 37% svæðisins. Við athuganir fundust 145 tegundir æðplantna en engar friðlýstar tegundir eða tegundir á válista. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa neikvæð áhrif á þær vistgerðir sem verða fyrir beinu raski og óbein áhrif á nálægar vistgerðir eru möguleg vegna áhrifa á flæði vatns í jarðvegi. Í ljósi ofangreinds er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á gróður og vistgerðir verði nokkuð neikvæð. Fram kemur að staðsetning vindtúrbína hafi verið valin sérstaklega með vernduð svæði og votlendi í huga og því sé áætlað að rask á votlendi verði minniháttar og bundið við framkvæmdatímann. Ekkert rask verður á öðrum vernduðum svæðum. Því er mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdar á vernduð svæði verði óveruleg.

Náttúrufræðistofnun bendir á að um þessar mundir standi yfir vinna hjá stofnuninni og Skipulagsstofnun (Nú Húsnaðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun) við gerð leiðbeininga um staðlaða aðferðafræði við fuglarannsóknir í tengslum við vindorkuver hérlandis. Náttúrufræðistofnun bendir á athugasemdir í umsögn um matsáætlun vindorkuvers á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að fullyrða út frá fyrirbyggjandi gögnum að áhrif á fuglalíf verði óveruleg. Um er að ræða mjög stór og umfangsmikil mannvirki og án þekkingar á far- og flugleiðum fugla á þessum slóðum er ekki hægt að leggja mat á áhrifin. Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna 532,8 MW vindorkuvers á sömu slóðum varðandi þær fuglarannsóknir sem þurfa að fara fram.

Að mati framkvæmdaraðila er varhugavert að setja sambærilegar kröfur á fuglarannsóknir fyrir smærri virkjunarhugmyndir í vindorku og fyrir stærri virkjunarhugmyndir líkt og Sauðanesháls og Brekknaheiði. Umfang fuglarannsókna fyrir virkjunarhugmyndirnar á Sauðaneshálsi og Brekknaheiði er gríðarlegt. Ef

gera á sömu kröfur fyrir minni virkjunarhugmyndir í vindorku getur slíkt verið íþyngjandi, og myndu þær kröfur draga úr fjárhagslegum fýsileika slíkra verkefna.

Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir það að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á vernduð svæði séu óveruleg þar sem það er í grennd við svæði á náttúruminjaskrá sem eru tilnefnd fyrir fjölbreytt eða mjög auðugt fuglalíf sem eru í 6-7,5 km fjarlægð. Einnig er votlendissvæði á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Þrátt fyrir að takmarka eigi beint rask á votlendi er möguleiki á óbeinu raski eins og nefnt er í matskyldufyrirspurninni og óvíst hver áhrifin verða.

Framkvæmdaraðili hefur þegar leitað frekari gagna sem varða votlendi á framkvæmdasvæðinu, en votlendi var rannsakað á stórum hluta framkvæmdasvæðisins vegna lagningar á nýjum Norðausturveg yfir Brekknaheiði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að áhrif vindorkuvers á fuglalíf séu margþætt. Tap verður á búsvæðum fuglanna á framkvæmdarsvæðinu en tap á búsvæðum tegunda ógnar líffræðilegum fjölbreytileika. Þá er talið að tegundir sem þurfa mikil lífsvæði geti hrakist frá búsvæðum sínum við framkvæmdir sem þessar. Þá liggja ekki fyrir sértæk greining á áflugsáhættu, flugleiðum eða árstíðabundinni nýtingu svæðisins í tengslum við fyrirhugaða vindorkuframkvæmd. Í ljósi þess að á svæðinu eru bæði válistategundir og ábyrgðartegundir er óvissa um raunveruleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fuglalíf en þau gætu verið umtalsverð.

Náttúrufræðistofnun bendir á að hafa beri í huga að vistgerðakortið hafi verið unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greini vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki nákvæmar og ekki æskilegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Nauðsynlegt er því að kortleggja vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu nákvæmlega með vettvangsathugunum til að hægt sé að meta áhrif framkvæmdanna. Fáar plöntuskráningar liggja fyrir frá framkvæmdasvæðinu og því er mikilvægt að ítarleg úttekt verði unnin til að gera grein fyrir flóru svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að nú þegar hafi farið fram rannsóknir á vistgerðum og gróðri á stórum hluta framkvæmdasvæðisins vegna lagningar á nýjum Norðausturveg yfir Brekknaheiði.

Vatnafar og vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan grunnvatnshlotsins Þistilfjörður (102-145-G) og sé magnstaða og efnafræðilegt ástand þess óþekkt en ekkert álag er skráð á vatnshlotið. Þá eru upptök nokkurra lækjarkvísla innan framkvæmdasvæðisins sem renna í Lónsá en efnafræðilegt ástand straumvatnshlotsins Lónsár (102-1412-R) er óþekkt en ekkert álag er skráð á vatnshlotið. Jarðvinna kann að hafa óbein áhrif á lækina á framkvæmdasvæðinu sem kann að hafa minni háttar áhrif á Lónsá. Fram kemur að unnið hafi verið áhrifamat vatnshlota í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Eftirlit verður með mögulegum leka og á framkvæmdatíma verða viðeigandi lekavarnir og mengunarvarnarbúnaður til staðar ef einhvers konar leki á sér stað frá vinnutækjum. Vegna þessa er ekki talið að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins Þistilfjörður eða straumvatnshlotsins Lónsá. Byggt á framangreindu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á vatnafar og vatnshlot verði óveruleg og mun framkvæmdin hvorki leiða til þess að ástand grunnvatnshlotsins Þistilfjörður eða straumvatnshlotsins Lónsá hnigni né að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Veðurstofa Íslands bendir á að aðeins er fjallað lítillega um vatnsformfræði í áhrifamatinu fyrir straumvatnshlotið en eðlilegt hefði verið að taka fyrir hvort að möguleg vatnsformfræðileg áhrif gætu haft áhrif á lífríki í því yfirborðsvatnshloti sem til umfjöllunar var.

Framkvæmdaraðili bendir á að mögulegt sé að jarðvinna og grundun tengd undirstöðum, vinnusvæðum og gerð aðkomuvegar valdi tímabundnum breytingum á vatnsstreymi í næsta nágrenni sínu sem síðan geti haft óbein áhrif á nálægar kvíslar. Þessi áhrif eru þó tímabundin á meðan grunnar undirstaðna eru grafnir og áhrif þessa á nálægar lækjarkvíslar, þ.e. Lónsá, talin minni háttar. Áhrif framkvæmdarinnar á vistfræðilegt ástand straumvatnshlotsins Lónsá eru því metin lítilsháttar og tímabundin. Við þetta má bæta að þegar loftmyndir eru skoðaðar virðast þær lækjarkvíslar sem næst liggja fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vera fremur þurrar og því líklegt að rennsli þeirra sé háð úrkomu. Vegna þessa er ekki talið að þau tímabundnu vatnsformfræðilegu áhrif sem framkvæmdin kann að hafa muni hafi áhrif á lífríki yfirborðsvatnshlota.

Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vegna framkvæmda á nýjum Norðausturvegi yfir Brekknaheiði hafi farið fram fornleifarannsókn sem hafi náð yfir talsverðan hluta framkvæmdasvæðisins, en staðsetning vindtúrbína hafi verið valin með tilliti til þeirra fornleifa sem hafi fundist á svæðinu. Einnig náðu fornleifarannsóknir til nær alls þess svæðis sem verður fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Samfélag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að uppbygging fyrirhugaðs tilraunaverkefnis í Langanesbyggð geti stuðlað að auknu framboði raforku og veitt tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu, ásamt því að skapa störf og tekjur til sveitarfélagsins í Langanesbyggð. Vegna ofangreindra áhrifa er það mat framkvæmdaraðila að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á samfélag verði nokkuð jákvæð.

Fram kemur að niðurstöður erlendra rannsókna hafi sýnt fram á að uppbygging vindorkuvirkjana hafi ekki leitt til fækkunar ferðamanna á landsvísu, en að samsetning þeirra geti breyst. Þá er bent á að reiknaður hljóðstyrkur við öll íbúðarhús í nágrenni sé undir 17 dB(A) miðað við valkost 1 og undir 18 dB(A) miðað við valkost 2 og því vel undir 40 dB(A) hávaðamörkum frá atvinnustarfsemi við húsvegg á íbúðarsvæðum, skv. reglugerð um hávaða.

Náttúruverndarstofnun telur að vindorkuver af því umfangi sem hér um ræðir kunni að rýra upplifun þeirra sem ferðist um og njóti útivistar á svæðinu og takmarki landnotkun í þeim tilgangi. Jafnframt muni hljóðmengun geta haft neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið.

Í svörum sínum gengst framkvæmdaraðili við því að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á ásynd og landslag kunni að breyta upplifun þeirra sem njóta útivistar á heiðinni. Framkvæmdaraðili bendir þó á að aðgengi að svæðinu til útivistar á rekstrartíma verði ekki skert. Einnig bendir framkvæmdaraðili á að fyrirhuguð framkvæmd verði ekki fræðilega sýnileg frá áhugaverðum stöðum, skv. gögnum Ferðamálastofu, að undanskildum Stökkum í 23,4 km fjarlægð og gönguleið við Fossá í 2,3 km fjarlægð frá framkvæmdarsvæðinu.

7 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007–2027 og kallar á breytingu á því. Þá þarf að gera deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Langanesbyggðar skv. skipulagslögum og byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. mannvirkjalögum. Framkvæmdin er háð virkjanaleyfi umhverfis- og

orkustofnunar skv. raforkulögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

8 Niðurstaða

Um er að ræða uppsetningu tveggja 150 - 180 m hárra vindmylla þegar miðað er við spaða í hæstu stöðu. Settir eru fram tveir valkostir og gera báðir kostir ráð fyrir 9,9 MW framleiðslu rafmagns að hámarki. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Greinargerð framkvæmdaraðila er um margt ítarleg þar sem ýmsir sérfræðiaðilar hafa rannsakað og lagt mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun (HMS) bendir hins vegar á að við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda þarf að horfa til þess hvort að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif með hliðsjón af viðmiðum í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í þessari ákvörðun eru til umfjöllunar fyrrnefndar tvær vindmyllur sem fyrirhugað er að reisa á Sauðaneshálsi á Langanesi. Skv. gögnum framkvæmdaraðila, fyrirtækisins wpd, er tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda að öðlast reynslu af og þekkingu á rekstri vindorkuvirkjana á Norðausturlandi sem og á Íslandi og mun fyrirhuguð framkvæmd um leið auka framboð á raforku í Langanesbyggð. Sú reynsla sem fæst af rekstri vindtúrbínanna tveggja muni síðan gagnast við ákvörðunartöku um hvort fýsilegt sé að fara í frekari uppbyggingu á svæðinu. HMS gaf út álit í mars sl. um matsáætlun wpd sem gerði ráð fyrir 74 vindmyllum á Sauðaneshálsi og Brekkaheiði sem eru hærri og er staðsetning fyrirhugaðra tveggja vindmylla í næsta nágrenni við það vindorkuver. Skipulagsstofnun taldi að hægt væri að líta annars vegar á fyrirhugað vindorkuver með yfir 70 vindmyllum sem myndu framleiða allt að 530 MW og hins vegar þessar tvær vindmyllur, sem aðskildar framkvæmdir sem þannig sættu mismunandi málsmeðferð.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að áformaðar framkvæmdir sem fela í sér uppsetningu þessara tveggja vindmylla eru umfangmiklar framkvæmdir á svæði þar sem landslag einkennist af löngum sjónlengdum, lítt snortnu heiðalandslagi og mikilli víðsýni. Með tilliti til staðsetningar, m.a. í ljósi þess að sýnileiki vindmyllanna nær inn á svæði sem fellur undir skilgreiningu á óbyggðum víðernum telur HMS líklegt að áhrif framkvæmdanna á landslag verði mikil. Sjónræn áhrif svo hárra vindmylla sem verða eðli málsins samkvæmt áberandi, munu ná yfir stórt svæði og breyta yfirbragði á Sauðaneshálsi og kunna að fela í sér breytta ásýnd frá þéttbýlinu á Þórshöfn sem er í um 6-7 km fjarlægð, sem og frá býlum, útivistarsvæðum og þjóðvegi. Í ljósi umfangs framkvæmdanna eru áhrif þeirra á ásýnd því einnig líkleg

til að verða mikil en möguleikar á að draga úr áhrifum á landslag og ásynd eru afar takmarkaðir. Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið er ekki innan mikilvægra fuglasvæða en að slík svæði eru í um 20-30 km fjarlægð. Þá er svæði 542 Sauðaneslón á C hluta náttúruminjasrárr vegna mjög auðugs fuglalífs í innan við 10 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Þekkt er að ein helstu neikvæðu áhrif vindmylla er hætta á áflugi fugla en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig fuglar nýta svæðið og þá áætlaða áflugstíðni fugla. Fyrir liggur þó að tegundafjölbreytni er nokkur og skv. rannsóknum frá 2020 fundust á og í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði 10 tegundir á válista, þ.á.m. fálki sem er talinn í hættu og rjúpa sem talin er í yfirvofandi hættu. HMS tekur undir með Náttúrufræðistofnun að án þekkingar á far- og flugleiðum fugla á þessum slóðum er ekki hægt að leggja mat á áhrifin. Stofnunin telur þ.a.l. að fram þurfi að fara nánari greining og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fugla. Í því sambandi liggur fyrir að ráðast á í fuglarannsóknir í tengslum við fyrirhugað 530 MW vindorkuver á Brekkaheiði og Sauðaneshálsi á vegum wpd og telur HMS að varðandi umfang rannsókna sem snýr að uppsetningu umræddra tveggja vindmylla þurfi framkvæmdaraðili að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun. Fyrir liggur að vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi er að finna á tæplega 40% framkvæmdasvæðisins sem og votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Ekki liggja fyrir upplýsingar um stærð þess votlendis sem kann að verða fyrir neikvæðum áhrifum eða umfang rasks á vistgerðum og telur HMS að fram þurfi að fara nánari greining og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á gróðurfar og hvaða aðgerðir koma til greina til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð áhrif.

Þrátt fyrir að fyrir liggja ítarlegri upplýsingar og mat á mögulegum áhrifum á hina ýmsu umhverfisþætti en gert er ráð fyrir í tilkynningarskylduferli telur HMS að í ljósi eðlis og þá einkum umfangs sem og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar auk eiginleika hugsanlegra áhrifa þurfi að gera nánari grein fyrir og leggja mat á áhrif hennar á umhverfið.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. maí 2026.

Reykjavík, 22. apríl 2026

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

